

Ræddu leiðir til að lækna frumkomna gallskorpulifur



Á myndinni má sjá skipuleggjendur fundarins frá vinstri: Sigurður Ólafsson, David Adams (Bretlandi), Eric Gershwin (Bandaríkjunum), Ulrich Beuers (Hollandi) og Einar S. Björnsson.

Í lok júlí í sumar mættu allir helstu sérfræðingar heimsins í lifrarsjúkdómnum PBC, *Primary Biliary Cirrhosis*, til fundar í Norræna húsinu, alls um 25 manns.

„Íslenska heiti PBC er frumkomin gallskorpulifur og er sjúkdómurinn ekki algengur, hér á Íslandi er nýgengið 2-3 tilfelli fyrir hverja 100.000 íbúa á ári. Sjúkdómurinn leggst frekar á konur en karla og er talinn vera sjálfsofnæmissjúkdómur sem leggst aðallega á litla gallanga innan lifrarinnar og veldur bólgu, eyðingu á gallgöngunum og getur leitt til skorpulifrar. PBC hefur verið nokkuð algeng ástæða lifrarigræðslu, sérstaklega á Norður-

löndunum. Það er ekki vitað nákvæmlega hvað veldur sjúkdómnum og við honum er ekki til lækning en um margra ára skeið hefur verið beitt ákveðnum lyfjum sem í mörgum tilfellum ná að halda sjúkdómnum í skefjum,“ segir Sigurður Ólafsson sérfræðingur í lifrarsjúkdómum á Landspítalanum.

Sigurður segir mjög mörgum spurningum enn ósvarað um PBC, bæði um orsakir hans en ekki síður hvar best er að bera niður varðandi rannsóknir á nýjum lyfjum og meðferðarmöguleikum. „Fundurinn hafði yfirskriftina „Finding Cure for PBC“ og þrátt fyrir að svör við þeirri fyrrsögn

fengjust ekki á fundinum þá er mikið gagn að svona fundi og það kemur í ljós á næstu árum þegar þátttakendur hafa unnið úr þeim hugmyndum sem þarna komu fram og átt aukið samstarf sín á milli í kjölfar fundarins. Aðalhvatamaðurinn að þessum fundi, Eric Gershwin, yfirlæknir gigtlækninga og ónæmisfræði við háskóla-sjúkrahús Kaliforníuháskóla í Davis, er á meðal fremstu vísindamanna heimsins í rannsóknum á orsökum sjúkdómsins, einkum ónæmisfræðilegum þáttum en það er einmitt á því sviði sem augu manna beinast helst að rannsóknum á PBC.“

Frá Barnageðlæknafélaginu

Aðalfundur Barnageðlæknafélags Íslands (BGFÍ) var haldinn í byrjun október.

Á fundinum voru þau Gunnsteinn Gunnarsson og Helga Hannesdóttir heiðruð af hálfu stjórnar félagsins. Gunnsteinn fyrir langt og farsælt starf og fyrir að hafa tekið að sér að skrá sögu félagsins. Helga sömuleiðis fyrir langt og farsælt starf á innlendum og erlendum vettvangi fyrir hönd félagsins og var hún gerð að heiðursfélaga Barnageðlæknafélagsins.

Stjórn var endurkjörin til tveggja ára: Ólafur Ó. Guðmundsson formaður, Margrét Valdimarsdóttir ritari og Bertrand Lauth gjaldkeri. Varastjórnendur eru Guðrún B. Guðmundsdóttir og Dagbjörg Sigurðardóttir.



Hér eru þau Gunnsteinn og Helga með stjórninni: Bertrand Lauth ritari, Gunnsteinn, Helga, Ólafur Ó. Guðmundsson formaður og Margrét Valdimarsdóttir ritari.